Ed. **1094. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 21. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá fjárhagsnefnd.

Ríkisstjórnin lagði frv. þetta fyrir neðri deild í desembermánuði 1943. Aðalefni frv. er, að hækkuð skuli lántökuheimild sú, sem veitt var með lögunum 1942, úr 10 millj. kr. upp í 20 millj. kr. í því skyni að flýta fyrir nauðsynlegri auknингu síldarverksmiðjanna. Gert er ráð fyrir, að fyrst verði reist ný 10 þúsund mála verksmiðja á Siglufirði og 5 þús. mála verksmiðja í Höfðakaupstað, og verði a. m. k. hin fyrri fullgerð fyrir síldarvertíð 1946 og hin síðartalda um sama leyti eða svo fljótt sem hafnarskilyrði þar leyfa.

Nefndin fellst á efni frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form. H. Guðmundsson, frsm. Lárus Jóhannesson.

Kristinn E. Andrésson. Bernh. Stefánsson.